

Miðvikudaginn 6. nóvember 1996.

Nr. 397/1996.

Bjarni Bærings Bjarnason

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Margréti Einarsdóttur

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.) **og**

íslenska ríkinu

(Jón G. Tómasson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi. Málshöfðunarfrestur. Nauðungarsala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. október 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 31. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. október 1996, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum var vísað frá dómi. Kæruheimild er í c-lið 2. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurði héraðsdómara verði hrundið og lagt fyrir hann að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar krefjast báðir staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í málinu krefst sóknaraðili skaðabóta úr hendi varnaraðila vegna nauðungarsölu hesthúss að Flugubakka 10 í Mosfellsbæ, sem fór fram að beiðni Þorkels Ingibergssonar, en varnaraðilinn Margrét Einarsdóttir, sem er ekkja hans og situr samkvæmt gögnum málsins í óskiptu búi þeirra, fékk afsal fyrir eigninni í skjóli nauðungarsölnunnar. Sóknaraðili reisir málsóknina einkum á því, að leitt sé í ljós, að skilyrði hafi skort fyrir nauðungarsölnunni, enda hafi fjárnám, sem beiðni um hana var studd við, verið fellt úr gildi með dómsúrlausn.

Nauðungarsölu á fyrrgreindri eign var lokið með útgáfu afsals 24. ágúst 1995, en eins og atvikum máls þessa er háttað, gat sóknaraðili ekki átt kost á að hafa uppi kröfu sína um skaðabætur, fyrr en því tímamarki var náð. Mál þetta var höfðað með birtingu héraðsdóms-

stefnu 15. nóvember 1995. Var þriggja mánaða frestur til málshöfðunar samkvæmt 88. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu því ekki liðinn á þeim degi. Samkvæmt því verður úrskurður héraðsdómara felldur úr gildi og lagt fyrir hann að taka málið til efnismeðferðar.

Rétt þykir, að hver aðili beri sinn kostnað af kærumáli þessu.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. október 1996.

1. Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 15. nóvember 1995, og dómtek-ið 27. f. m.

Stefnandi er Bjarni Bærings Bjarnason, kt. 110350-2609, Merkjateigi 4, Mosfellsbæ.

Stefndu eru Margrét Einarsdóttir, kt. 180113-3399, Víðimel 19, Reykjavík, og íslenska ríkið, en fyrir þess hönd var stefnt dómsmálaráðherra vegna dómsmálaráðuneytis, kt. 500169-7619, og fjármálaráðherra vegna fjármála-ráðuneytis, kt. 550169-2829, báðum í Arnarhvíli, Reykjavík.

Í stefnu er vísað til þess, að stefnda, Margrét Einarsdóttir, hafi 2. ágúst 1995 fengið leyfi til setu í óskiptu búi eftir eiginmann sinn, Þorkel Ingi-bergsson, sem lést 26. júlí 1995, og hafi hún aðild að málinu, sbr. 12. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Um aðild ríkisins og fyrirvar ráðherra er skírskotað til 87. gr. nsl. nr. 90/1991 og 5. tl. 17. gr. eml. nr. 91/1991.

Stefnandi gerir þær kröfur, að stefndu verði að viðlagðri aðför gert að greiða stefnanda in solidum bætur, að fjárhæð 653.464 krónur, auk dráttar-vaxta af þeirri fjárhæð frá 18. september 1995 til greiðsludags samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Þá krefst hann máls-kostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi, að fjárhæð 199.744 krónur.

Stefnda, Margrét Einarsdóttir, krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda, og til þrautavara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnanda, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Stefndi, íslenska ríkið, krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

4. Af hálfu stefnanda var frávísunarkröfu stefndu, Margrétar Einarsdóttur, sem fram var sett við munnlegan málflutning, mótmælt sem of seint fram kominni. Er fallist á þau andmæli.

Málsókn stefnanda grundvallast á því, að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna nauðungarsölu eignarinnar Flugubakka 10, Reykjavík, án þess að skilyrði hafi verið til, þar sem ágreiningur um nauðungarsöluheimild, sem var aðfarargerð, dagsett 7. desember 1994, hafði verið borinn undir héraðsdómara, sbr. 1. mgr. 86. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991 og 3. mgr. 54. gr. aðfararlaga nr. 90/1989. Mál til ógildingar framangreindrar aðfarargerðar var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 10. mars 1995 og dómur um ógildinguna kveðinn upp 28. apríl s. á., en nauðungarsölubeiðni á grundvelli aðfarargerðarinnar var tekin fyrir 18. maí 1995 hjá embætti sýslumannsins í Reykjavík.

Í 3. mgr. 80. gr. laga nr. 90/1991 er að finna heimild til að hafa uppi skaðabótakröfu af ástæðum sem þeirri, er hér um ræðir, í almennu einkamáli, þótt ekki hafi verið beitt úrræðum samkvæmt 1. og 2. mgr. þeirrar lagagreinar til að leita úrlausnar héraðsdómara um gildi nauðungarsölu. Samkvæmt 88. gr. laga nr. 90/1991 ber að höfða mál til heimtu bóta, áður en þrír mánuðir eru liðnir, frá því að sá, sem hefur orðið fyrir tjóni, átti þess fyrst kost að hafa kröfu sína uppi, og samkvæmt 3. mgr. 86. gr. sömu laga má dæma skaðabætur eftir álitum, ef ljóst þykir, að fjárhagslegt tjón hafi orðið, en ekki er unnt að sanna fjárhæð þess.

Stefnanda voru réttilega sendar tilkynningar um aðgerðir á grundvelli framangreindrar nauðungarsölubeiðni, þ. á m. um framhaldssölu eignarinnar 21. júlí 1995. Hæstbjóðanda, Þorkeli Ingibergssyni, var greint frá því, að boð hans í eignina yrði samþykkt, ef greiðsla bærist í samræmi við uppboðsskilmála kl. 12 4. ágúst 1995. Frumvarp til úthlutunar á söluverðinu er dagsett 2. ágúst 1995.

Kaupandi naut eignarumráða yfir hinni seldu eign, frá því er hann hafði staðið skil á uppboðsverðinu og boð hans verið samþykkt, sem var eigi síðar en kl. 12 4. ágúst 1995, sbr. 6. tl. 1. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 55. gr. laga nr. 90/1991. Við þau tímamörk ákvarðast upphaf hins þriggja mánaða málshöfðunarfrests samkvæmt 88. gr. laga nr. 90/1991, og var hann því liðinn, er málið var höfðað 15. nóvember 1995.

Samkvæmt framansögðu ber að vísa máli þessu frá dómi af sjálfsdáðum. Ákveðið er, að aðilar málsins skuli hver um sig bera kostnað sinn af rekstri þess.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi af sjálfsdádóm.

Málskostnaður fellur niður.
